



JÓNSNESVEGUR

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA VEGAGERÐAR



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2024/284

Höfundur: Ásta Hermannsdóttir. 2024/284

Mynd á forsíðu: Varða [3179-2], horft til VNV. Bæjarstæði Jónsness sést í baksýn uppi í hægra horninu.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2024. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	7
HEIMILDASKRÁ	10

Inngangur

Í byrjun árs 2024 tók Byggðasafn Skagfirðinga að sér skráningu vegna veglagningar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, frá Jónsnesi í vestri að Vogsbotni í austri. Leiðin er tæplega 6 km löng. Einnig er um 0,010 km² náma við veglínuna í landi Jónsness. Verkkaupi var Jónsnes ehf. og tengiliður verks var Sigurbjartur Loftsson, byggingafræðingur hjá W7 slf.

Fornleifar hafa aldrei verið skráðar á svæðinu áður. Allt svæðið var gengið og fór vettvangsvinna fram 2. janúar 2024. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur sá um undirbúning, vettvangsvinnu og skýrslugerð.

Landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3179



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlanagerðar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyrðu í Jarðatali Johnsens 1847 auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu vegna framkvæmda í deiliskipulagi, en einnig aðra þekkta hættu ef svo ber undir, s.s. vegna náttúrulegra þátta eða landbúnaðar.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Loftmynd á korti er frá vekkaupa.

Samantekt

Veglínan er tæplega 6 km löng og liggur í gegnum þrjár jarðir: Jónsnes, Ögur og Hofstaði. Einnig er um 0,010 km² náma við veginn, í landi Jónsness. Skráningarsvæðið náði 15 m út til beggja handa frá veglínunni og 15 m út fyrir mörk námunnar. Nú þegar hefur verið lagður vegur á um 2,5 km kafla Jónsnesmegin og náman er nær fullnýtt.

Vegurinn liggur frá Jónsnesi, eftir gamalli leið sem þar er til Hofstaða, beygir austan Skálaholts út af gömlu leiðinni og til norðausturs í átt að Vogsbótnei. Þegar gömlu leiðinni á milli Hofstaða og Jónsness sleppir liggur nýi vegurinn að mestu um mýrar og lága ása. Þar sem skráningin fór fram í janúar var dálítill snjór í drögum hér og hvar en ekki er talið líklegt að það hafi haft áhrif á sýnileika minja, það er þó ekki alveg öruggt og þarf því, líkt og alltaf, að fara að öllu með gát við framkvæmdina.

Vegstæðið og næsta nágrenni þess er minjasnautt nema þar sem vegur hefur þegar verið lagður, en hann var að mestu lagður ofan á eldri leið sem m.a. er merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1910. Nokkrar vörður eru í nágrenni vegarins en einungis ein þeirra lendir innan 15 m áhrifasvæðisins. Óþekkt hleðsla/þúst er sunnan við Skálaholt, um 45 m frá veginum og 50 m frá námunni. Var hún skráð í varúðarskyni vegna nálægðar við framkvæmdasvæðin og vegna þess að hún er ekki greinleg í umhverfinu. Vörður utan skráningarsvæðisins eru flestar greinilegar, uppi á klettum eða ásum og því ekki í hættu og voru ekki skráðar. Teknir voru punktar á nafngreindum vörðum á Skálaholti, Tvívörðum, en þær eru utan skráningarsvæðisins. Austast á nýja veginum, sunnan vegarins, er Kolaborg en engar vísbendingar fundust um kolagrafir við hana. Í fylgiskjali 1 má sjá yfirlit yfir allar skráðar minjar, tegund, hlutverk og hættumat.

Í heimildum voru ekki vísbendingar um aðrar minjar en þær sem skráðar voru innan skráningarsvæðisins, þ.e ekki voru tilfelli um minjar í heimildum sem ekki fundust. Þar sem vegurinn kemur inn í tún Jónsness eru ekki merkt útihús á túnakorti og ekki er líklegt að túngarður hafi verið um túnið, frekar skurðir ef eitthvað er. En óvíst er um aldur skurðarins sem vegurinn fer yfir og var hann ekki skráður sem fornleifar. Nýi vegurinn kemur upp að íbúðarhúsinu að austanverðu en bæjarhóllinn virðist hafa verið vestan/norðvestan við húsið og hann er því ekki í hættu. Núverandi hús var reist árið 1935 og er um 30 m vestan við veginn.

Hættumat


Af þremur skráðum minjum voru varða [3179-2] og hleðsla [3179-3] ekki metnar í hættu. Leið [3179-1] er metin í hættu þar sem hlutar hennar eru enn óraskaðir í nágrenni framkvæmdasvæðisins þótt stærsti hluti hennar hafi nú þegar verið hulinn með nýja veginum.

Niðurlag

Skráðar voru þrjár minjar á svæðinu, tvær innan skráningarsvæðisins en ein utan þess sem skráð var í varúðarskygni.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði. Gul lína er lega gömlu leiðarinnar á milli Hofstaða og Jónsness eins og næst verður komist. Dökkfjólublá lína er teiknað vegstæði og náma. Bláar línur beggja vegna við dökkfjólubláu línuna eru mörk 15 m skráningarsvæðis. Rauðar línur eru staðir þar sem vegur hefur verið lagður aðra leið en teiknuð var en ekki ofan á gömlu leiðina. Kortagerð: Ásta Hermannsdóttir, lofmynd frá verkkaupa.

Jónsnes 3179-1

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna vegagerðar

Staðhættir

Leiðin liggur um mýrar og mela á milli Jónsness og Hofsstæða, að mestu nærri sjó. Landið er nokkuð sléttlent og melarnir lágir.

Lýsing

Leiðin er að mestu horfin undir nýjan veg sem lagður var haustið 2023 í þeim tilgangi að laga gömlu leiðina. Þrír litlir bútar af henni virðast hafa sloppið og hægt er að sjá hluta af þeim á jörðu niðri en einnig á gömlum loftmyndum. Leiðin var einfaldur vegslóði, ekki uppbyggður að því er virðist. Á loftmyndum frá 8. áratug 20. aldar (t.d. LMI-Kort-F22-F-4648) sjást vísbendingar um leiðina á þurru melum en engin merki sjást um hana í mýrunum eða þar sem melunum sleppir.

Aðrar upplýsingar

Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskorti frá árunum 1910 og lá skv. því einungis upp að túnfætinum í Jónsnesi en ekki inn á túnið.



Mynd 2. Gamla leiðin [3179-1] til hægri, nýi vegurinn til vinstri. Þarna liggur vegurinn upp á Skálaholtið suðaustanvert og var ekki lagður ofan á gömlu leiðina. Gamla leiðin er einna greinilegust á þessum parti. Horft til vesturs.



Mynd 3. Leiðin á herforingjaráðskorti. Skjást af Landupplýsingagátt Landmælinga.

Jónsnes 3179-2

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á nokkuð háu holti austan vegstæðis, um 1 km frá bæ, stendur stæðileg varða. Holtið er gróið mosa og lyngi á milli kletta.

Lýsing

Varðan er stöndug, um 1,4 m á hæð og 1x1,2 m að grunnfleti. 12 umför grjóts eru sjáanleg í henni, meðalstórt grjót að mestu. Grjótið er fléttugróið. Bakendi vörðunnar, til NNA, er nokkuð hrúnn. Hugsanlega leiðarvarða eða innsiglingarvarða.



Mynd 4. Varða [3179-2]. Horft til VNV.

Minjar utan skráningarsvæðis en skráðar í varúðarskyni

Jónsnes 3179-3

Hlutverk: Óþekkt, dys

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Sunnarlega á Skálaholti, um 45 m frá vegi og 50 m austur af námu (miðað við staðsetningu á teikningu) er hleðsla.

Lýsing

Um er að ræða jarðlæga hleðslu, um 3,5x2,5 m að ummáli. Einföld steinaröð myndar ferhyrning með totu til suðurs. Meira áberandi hleðsla er í NV-horni, um 1x1,3 m að ummáli. Grjót er mjög sokkið og mosavaxið. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt, mögulega vörðubrot en gæti einnig verið dys. Frá staðnum sést bæði heim að Hofstöðum og til Jónsness.



Mynd 5. Hleðsla [3179-3], hugsanleg dys. Horft til norðurs.

Heimildaskrá

Herföringjaráðskort. Kort no.111. Mælingarár 1910.

Landmælingar Íslands. Loftmynd: LMI-Kort-F22-F-4648

Túnakort Jónsness. 1916.

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=SsOzbnNuZXMgSGVsZ2FmZWxsc3N2ZWl0IFNuw6ZmZWxsc25lc3PDvXNsYQ==>

Örnefnaskrá Jónsness. Sigríður Jóhannsdóttir. 1974. Sótt af:

<https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/13196>

Örnefnaskrá Ögurs. Þorleifur Jóhannesson. Sótt af: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/12231>

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Jónsnes	3179-1	Gata	Leið	800	1950	Sést ekki	Hætta	317939	508813
Jónsnes	3179-2	Varða	Kennimark	800	1950	Vel greinanleg	Engin hætta	318858	508649
Jónsnes	3179-3	Hleðsla	Óþekkt, dys	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	319924	508639